

3. fundur starfshóps um bættar starfsaðstæður í leikskóla. Haldinn þann 9. janúar 2018 kl. 10.00

Mættir: Hörður Svavarsson, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Steinunn Jónsdóttir, Svava Björg Mörk, Haraldur Gíslason, Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir, Helga Hrönn Óskarsdóttir, Guðmundur Sverrisson, og Jenný D. Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Skóladagatal

Starfshópurinn hefur fjallað um nýtingu á leikskólum milli jóla og nýárs. Í könnun sem gerð var fyrir ári kom fram að nýtingin er afar lítil. Þróunarfulltrúi kynnti fyrir hópnum að skoðun sín undanfarna daga sýni að nýtingin var líka mjög lítil um þessi áramót. Í ljósi þess að leikskólabörnum er ekkert síður mikilvægt en grunnskólabörnum að fá frí frá sínum skólum og starfshópnum er ætlað að finna leiðir til að auka starfsánægju og að lokun leikskóla milli jóla og nýárs fer vel saman við hugmyndir Félags leikskólakennara, leggur starfshópurinn til við Fræðsluráð að þegar skóladagatal verður ákveðið fyrir næsta skólaár verði leikskólar lokaðir þá tvo virku daga sem eru milli hátíða um áramótin næstu. Í tölum frá OECD frá 2014 kemur fram að árlegur starfstími leikskólakennara á Íslandi er með því lengsta er þekkist í heiminum. Litið verði á að þessi aðgerð samræmist hugmyndum um styttingu vinnuviku og fækkun árlegra vinnustunda leikskólakennara. Skoðaðir verði möguleikar á úrræði líkt og í Frístund í grunnskólunum þessa daga ef kemur fram brýn þörf fyrir slíkt

2. Sex tíma gjaldfrjáls leikskóli

Starfshópurinn ræddi tillögu sem lögð var fram í Fræðsluráði 13.12.2017 um *að kannað verði möguleikar á að gjaldskrá fyrir leikskóla verði breytt með þeim hætti að fyrstu sex klukkustundirnar verði gjaldfrjálsar. Starfshópurinn hefur ákveðið að taka hugmyndina til skoðunar og mun skil tillögum til Fræðsluráðs hið fyrsta.*

Guðmundur sagði frá því í framhaldinu að meðal dvalartími barna í leikskólum væri 8,2 stundir á dag.

Hópurinn er sammála þessari hugmynd og ætlar að kalla eftir frekari gögnum frá guðmundi.

3. Önnur mál:

Næstu skref er að fá upplýsingar frá Hjalla um aðgerðir þeirra varðandi styttingu vinnudagsins. Óskað er eftir skriflegum upplýsingum í byrjun og kalla fulltrúa til ef þörf krefur.

Fundi slitið kl. 11.30